



GREINARGERÐ

Tillaga að deiliskipulagi lóðar fyrir skólphreinsivirki við
Melshorn á Egilsstöðum - 29.10.2021

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Inngangur. | 2 |
| Afmörkun Deiliskipulags - skipulagssvæði..... | 2 |
| Forsendur og markmið. | 2 |
| Aðkoma | 2 |
| Byggingar | 2 |
| Aðstaða fyrir þjónustuaðila | 2 |
| Veitur og lagnir. | 3 |
| Lóð og staðhættir. | 3 |
| Fornleifar. | 3 |
| Fyrirliggjandi skipulagsupprættir..... | 3 |
| Aðalskipulag. | 3 |
| Mat á umhverfisáhrifum. | 3 |
| Skipulagslýsing..... | 4 |
| Vatnsverndarsvæði..... | 4 |
| Heimildir / tilvísanir..... | 4 |
| Viðauki..... | 4 |

Inngangur.

HEF- veitur ehf. hyggjast reisa tveggja þrepa hreinsistöð fyrir fráveitu frá Egilsstöðum og Fellabæ við Melshorn norðan byggðar á Egilsstöðum. Hreinsistöðin verður útfærð samkvæmt frumhönnun Eflu Verkfræðistofu frá 2019.

Afmörkun Deiliskipulags - skipulagssvæði.

Afmörkun Deiliskipulags miðast við lóðamörk hreinsistöðvar fráveitu, (L2292211) lóðin liggur norðan byggðar á Egilsstöðum og vestan við svonefnda „Melshornsleið“ sem skilgreind er í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, 2008 – 2028. Lóðin er á svæði sem í Aðalskipulagi er skilgreint sem, „17 Skólphreinsivirki“.

Forsendur og markmið.

Markmið deiliskipulagsins er að tryggja að fyrir liggja lögformlegt skipulag fyrir framkvæmdina og að hún sé í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir og áform, gerir grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum við hreinsistöð og kallar fram skýra mynd af skilmálum um lóðina og landnotkun fyrir starfsemi hreinsistöðvar.

Deiliskipulagið tekur til skilgreindrar lóðar fyrir hreinsivirki, aðkomu inn á lóð, stofnlögnum að og frá hreinsivirki, byggingum og landnotkun innan lóðar, ss. geymslusvæðis og aðstöðu fyrir þjónustuaðila hreinsivirkis, lokafrágang og heildar umgjörð við mannvirki og aðstöðu á lóð.

Aðkoma að lóðinni er um tengingu frá þjóðvegi nr.1 frá Egilsstaðanesi, liggur vestan við og norður með mörkum þéttbýlis á Egilsstöðum, um tenginguna er samkomulag milli HEF veitna og landeigenda, skv. 3gr. kaupsamnings lóðar frá 11. september 2019. Ef aðstæður skapast er varaleið / neyðarleið að hreinsivirki frá þjóðvegi nr. 941 að Egilsstaðaflugvelli, vegslóði liggur yfir nytjatún og er notkun á þeirri leið í öllum tilfellum háð leyfi landeigenda.

Byggingar. Samkvæmt frumhönnun Eflu Verkfræðistofu á tveggja þrepa hreinsistöð, þar sem stuðst er við „fyrirkomulag sambærilegra hreinsistöðva í Noregi og Svíþjóð“ þörfin er metin þannig að um verði að ræða allt að 550m² stöðvarhús. Stöðvarhús hýsir allan vélbúnað hreinsistöðvar, ásamt dælujallara og skólþróum. Í stöðvarhúsinu verður einnig aðstaða fyrir starfsmenn, stjórnherbergi, búningaástaða salerni og tæknirými / töfluherbergi. Ásamt aðalinnangi, þjónustuingöngum og flóttaleiðum þurfa að vera keyrsluhurðir á byggingunni vegna þjónustu við vélbúnað og fleira.

Dýpt á dælujallara og skólþróum þarf að vara allt að 3m, stofnlagnir koma inn í ca. 2m undir gólfkóta stöðvarhúss. Samkvæmt frumhönnun er hæð á stöðvarhúsi um 6-8m.

Þegar horft er til framtíðar má gera ráð fyrir að á lóðinni verði reist skemma eða þjónustuhús fyrir skammtíma og langtíma geymslu búnaðar, aðstaða til viðgerða og upptöku á vélbúnaði og lager fyrir rekstrartengdan búnað, áætluð stærð allt að 200m².

Samkvæmt greinargerð Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 er lögð áhersla á að yfirbragð skólphreinsivirkja falli vel að umhverfinu. Því verður fylgt eftir í hönnun mannvirkja ásamt landmótun á og við lóð.

Aðstaða fyrir þjónustuaðila verður á lóð. Gera skal ráð fyrir athafnasvæði fyrir dælubíla sem notaðir eru til losunar úr rotþróum, bíla fyrir krókagáma sem notaðir eru undir rusl og seyru, ásamt svæði fyrir skiptigáma. Yfirborð þjónustu og athafnasvæðis sem skilgreint verður fyrir bíla og gáma er lagt varanlegu slitlagi með þeim frágangi á frárennsli og öðru sem reglur kveða á um.

Greinargerð Deiliskipulags – Hreinsistöð fráveitu við Melshorn.

Veitur og lagnir. Stofnlagnir fyrir lóðina eru lagðar inn í tæknirými stöðvarhúss og er dreift þaðan á tengipunkta og notkunarstaði innan lóðar.

Lóð og staðhættir.

Lóð fyrir hreinsivirki er skráð í fasteignaskrá sem, „Melshorn 700, F250846“ 5.000.m² lónaðar og athafnalóð.

Lóðin er mjög flöt, römmuð inn af Eyvindará norðan og austan, ræktarlandi - nytjatúni að vestan og aflögðu malarnámi að sunnanverðu, veltenging við lóðina er á suð-austur horni frá tengivegi að Þjóðvegi nr. 1 um Egilsstaðanes. Landhæð lóðar er 25m yfir sjávarmáli,

Fornleifar.

Fornleifaskráning fór fram í maí 2021, skráning var gerð vegna sniðræsis að Melshorni. Í skýrslu kemur fram, á bls. 9, að „Engar fríðlýstar fornleifar fundust á skráningarsvæðinu. Samkvæmt eldri fornleifaskráningu voru einar fornleifar á svæðinu sem voru hnitsettar (sjá kort 1). Engar aðrar minjar sáust við vettvangsskoðun“.

Skráning 2665-1, er samkvæmt skýrslu og kortavefsjá langt utan þess svæðis sem deiliskipulag þetta nær til og hefur engin áhrif á skipulagið.

Fyrirliggjandi skipulagsuppdraettir.

Aðalskipulag.

Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs 2008-2028 – Egilsstaðir og Fellabær.

Mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt svari frá Umhverfisstofnun, 3. janúar 2019 er þessi framkvæmd ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sama á við um svarbréf frá Skipulagsstofnun, - mál nr. 201808056 frá, 7. febrúar 2019, - ákvörðun um matsskyldu, í lokaorðum skýrslunnar „Ákvörðunarorð“ kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

- Sjá viðauka við greinargerð.

Skipulagslýsing.

Samkvæmt bókun umhverfis og framkvæmdaráðs frá 29.09.2021 er HEF veitum heimiluð gerð deiliskipulags og fallið frá kröfu um gerð skipulagslýsingar skv. 40. gr. skipulagslaga, þar sem allar meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi.

„Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 29.9. 2021:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að heimila HEF veitum gerð deiliskipulags fyrir lóð fyrirtækisins við Melshorn sbr. 2. ml. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt samþykkir ráðið, með vísan til 2. ml. 3. mgr. 40. gr. sömu laga, að falla frá gerð lýsingar fyrir nýtt deiliskipulag þar sem allar meginforsendur þess liggja fyrir í aðalskipulagi.“

Vatnsverndarsvæði

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi „Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs 2008-2028“ er lóð fyrir hreinsivirki inni á skilgreindu vatnsverndarsvæði.

Í desember 2014 fer HEF fram á það við Heilbrigðiseftirlit Austurlands að starfsleyfi sem gefið var út 29. september 2008, fyrir vatnstöku á Egilsstaðanesi verði fellt úr gildi og í framhaldi verði aflétt vatnsverndarsvæðinu á Egilsstaðanesi.

Samkvæmt bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands dagsett 13. febrúar 2015 er fallist á beiðni HEF um að aflétta vatnsvernd á Egilsstaðanesi.

- Sjá viðauka við greinargerð.

Heimildir / tilvísanir.

- Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs 2008-2028 Greinargerð
- „adalskipulagegsfell.pdf“ Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs 2008-2028 – Egilsstaðir og Fellabær.
- Fornlskr_HEF_snidraesi
- UST201811-116/A.B
- 2018056 - Skipulagsstofnun
- 1856-025-42-MIN-002_Frumhönnun-Stærð_hreinsistöðvar
- Kaupsamningur e994 dags. 11.09.2019
- Fundargerð umhverfis og framkvæmdaráðs 29.09.2021

Viðauki.

- UST201811-116/A.B – 3 janúar 2019
- 2018056 – Skipulagsstofnun - 7. febrúar 2019
- HEF - Breyting á starfsleyfi - afnám vatnsverndarsvæðis á Egilsstaðanesi - 22.des 2014
- Bókun HAUST - 13. febrúar 2015

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2019
UST201811-116/A.B.
08.15.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Skólphreinsistöð - Egilsstaðir og Fellabær

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. desember sl. þar sem segir að Hitaveita Egilsstaða og Fella (HEF) hefur sent Skipulagsstofnun svör við umsögn Umhverfistofnunar, dags. 5. desember sl. vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Í erindinu segir einnig að Umhverfisstofnun bjóðist að gefa aðra umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum í ljósi svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ný þekking

Í greinargerð tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu dags. 15. október sl. um áform um nýja hreinsistöð frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ er aðeins gert ráð fyrir eins þrepa hreinsun án upplýsinga um hvenær tveggja þrepa hreinsun verður komið á, til að uppfylla reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í svari HEF dags. 5. desember sl. við umsögn Umhverfisstofnunar um matskyldu nýrrar hreinsistöðvar fráveitu á Egilsstöðum kemur fram að frá því að fyrirspurn um matskyldu var fyrst skrifuð og áætlanir gerðar hefur frekari skoðun, ný þekking og aukið framboð á síum sem standa til boða, leitt það í ljós að mögulegt verður að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Hreinsistöðin mun því uppfylla ákvæði reglugerðar um tveggja þrepa hreinsun árið 2024.

Umhverfisstofnun bendir á að frárennslisgreinsun sveitarfélaganna sem uppfyllir lágmarkskröfur um tveggja þrepa hreinsun getur varla verið byggð á nýrri þekkingu að mati stofnunarinnar þar sem þær kröfur hafa verið í ofangreindri reglugerð um fráveitur og skólp frá því að umbótum á hreinsun frárennslis svæðisins átti að vera lokið árið 2005.

Lagarfljót sem viðtaki og valkostir lagnar

Umhverfisstofnun bendir á að Lagarfljót er venjulegur viðtaki þar sem þörf er á tveggja þreps hreinsun. Í II viðauka í reglugerð um fráveitur og skólp kemur fram hvaða viðmið skal notast við til að flokka viðtaka sem síður viðkvæma. Lagarfljót getur ekki talist til þeirra enda ekki um að ræða strandsjó, opna flóa eða ármynni. Því á, samkvæmt reglugerð, að viðhafa tveggja þrepa hreinsun áður en nokkru skólpi er veitt út í Lagarfljót.

Í svari HEF er farið yfir nokkra valkosti um hvar lögnin frá hreinsistöðinni muni liggja og það kemur fram að sú lagnaleið sem verður fyrir valinu fer um manngerðan skurð og um svæði sem er nú þegar raskað eftir slóðagerð. Auk þess mun lögnin vera lögð í votlendi norðan við flugbrautina. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að röskun á votlendinu verði sem allra minnst og frágangur jarðvegvinnu góður til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmda.

Tímaáætlanir

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 21. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp átti tveggja þrepa hreinsun að vera komin á fyrir Fellabæ og Egilsstaði fyrir árslok 2005. Samkvæmt þeirri framkvæmd sem hér er lýst mun verða óbreytt ástand í fráveitumálum Egilsstaða og Fellabæjar til ársins 2024. Samkvæmt greinargerð og svari frá HEF fer skólp í dag í gegnum nokkrar gamlar rotþrær í Egilsstaðavík og við Fellabæ og þaðan í Lagarfljót sem varla telst fullnægjandi hreinsun. Frá Egilsstöðum rennur skólp jafnframt í þrjár litlar hreinsistöðvar á bökkum Eyvindarár. Það skólp sem fer í gegnum hreinsistöðvarnar er hreinsað mjög vel, en þær eru hins vegar langtum of litlar til að anna því rennsli sem að þeim berst og því rennur framhjá þeim óhreinsað skólp 65% tímans. Það þýðir að óhreinsað skólp er og verður að renna út í vatnslitla og tæra bergvatnsá 65% tímans til ársins 2024, sem er innan þéttbýlis og vinsælt útivistarsvæði. Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði mátt betur um ástand viðtaka, áhrif núverandi frárennslis í Eyvindará til ársins 2024. Þá er ekki ljóst hvers vegna ráðgert er að framkvæmdir taki þennan tíma. Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að leggja áherslu á að laga frárennsli sem veitt er í Eyvindará sem fyrst til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og þann tíma sem óhreinsað skólp er leitt í bergvatnsá.

Umhverfisstofnun telur að uppbygging á kerfum frárennslishreinsunar á Egilsstöðum og í Fellabæ sé til þess fallið að minnka umhverfisáhrif fráveitu sveitarfélaganna tveggja. Er það mat stofnunarinnar að slíkar umbótaframkvæmdir séu mjög tímabærar og þarfar og þurfi því að ljúka sem fyrst til að minnka neikvæð umhverfisáhrif frárennslis.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur fram að forsendur þess að fyrri afstaða stofnunarinnar um að ofangreind framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum voru þær að fyrri áform voru að ganga aðeins í eins þrepa hreinsun frárennslis í stað lágmarkshreinsunar sem er uppá tveggja þrepa hreinsun. Auk þess benti stofnunin á að svæði viðtaka væri á náttúruminjaskrá sem og röskun votlendis við framkvæmdir. Viðbótarsvör HEF taka á

Þessum vanköntum þar sem nú er stefnt í frárennslisgreinsun sem uppfyllir skilyrði reglugerðar, bent var á getu Lagarfljóts sem viðtaka við núverandi álagi fráveitu auk þess sem stefnt er á að lágmarka áhrif framkvæmda á votlendi með mótvægisáðgerðum.

Umhverfisstofnun telur enn vanta frekari greiningu á Eyvindará sem viðtaka fyrir talsverðu magni af óhreinsuðu skólpi og kallar eftir vöktun viðtakans.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi í viðbótarsvari sínu svarað þeim athugasemdum sem stofnunin kom með í fyrri umsögn dags. 23. nóvember sl. Umhverfisstofnun telur hins vegar að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um ástand viðtaka og áhrif núverandi frárennslis í Eyvindará, þar sem það er tær bergvatnsá sem tekur við óhreinsuðu skólpi, auk áhrifa sem óbreytt ástand frárennismála svæðisins næstu sex ára mun hafa á viðtaka. Umhverfisstofnun telur jafnframt að þörf sé á vöktun á viðtökum, fram að lokum uppbyggingar frárennslisgreinsunar svo hægt sé að grípa til aðgerða ef losun fer fram úr viðmiðum reglugerðar um fráveitur og skólpi nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun bendir á að í viðbótarsvari HEF er óljóst hvort stefnt sé að því að fullnægjandi greinsun sé lokið árið 2024, með viðbót belta- og tromlusía, eða árið 2027 þegar ný greinsistöð leysir eldri greinsistöðvar af hólmi. Óljóst er hverju þurfi að ljúka á milli þess að síur séu tilbúnar árið 2024 og að greinsistöðin taki alfarið við af eldri greinsistöðvum árið 2027.

Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfissáhrifum framkvæmdarinnar muni ekki varpa fram nýjum upplýsingum um framkvæmdina, að framkvæmdin sé til þess fallin að minnka álag á viðtaka frá núverandi ástandi og þar með minnka neikvæð umhverfissáhrif frárennslis sveitarfélaganna. Ferli mats á umhverfissáhrifum er ekki talið líklegt til að bæta núverandi áform umtalsvert. Í ljósi framangreindra atriða telur Umhverfisstofnun rétt að breyta afstöðu sinni frá fyrri umsögn, dags. 23. nóvember sl., og telur nú að ofangreind framhæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfissáhrif í för með sér miðað við núverandi ástand og því ekki háð mati á umhverfissáhrifum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hafnar séu framkvæmdir við að koma til móts við umframálag frárennslis í Eyvindará sem allra fyrst svo óhreinsuðu skólpi sé ekki veitt í viðtakann lengur en nauðsyn krefst.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson
Sérfræðingur



Rakei Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 31. október 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hitaveitu Egilsstaða og Fella um fyrirhugaða hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fljótsdalshéraðs, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. EFLA, júní 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 12. nóvember 2018
- Fiskistofu með bréfi dags. 14. nóvember 2018
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfum dags. 15. nóvember 2018 og 20. desember 2018
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. nóvember 2018
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 15. nóvember 2018
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 23. nóvember 2018 og 3. janúar 2019

Frekari upplýsingar bárust frá Hitaveitu Egilsstaða og Fella með tölvupóstum dags. 13. og 14. nóvember, bréfum dags. 20. nóvember, 5. desember 2018 og 7. og 30. janúar 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fráveitukerfi þéttbýlis á Egilsstöðum og í Fellabæ samanstandi í dag af lagnakerfi sem tengt sé fimm rotþróm með útrásum beint í Lagarfljót, hreinsistöð í Fellabæ með útrás í Lagarfljót og þremur hreinsistöðvum á Egilsstöðum með útrásum í Eyvindará. Núverandi hreinsikerfi fráveitu afkastar eingöngu hluta þess rennslis sem kemur frá Egilsstöðum og fer stór hluti þess óhreinsaður út í Eyvindará. Alls fer skólp um yfirfall og fram hjá hreinsistöðvunum út í Eyvindará 65% tímans. Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í því að safnað verður saman öllu skólpi á Egilsstöðum og í Fellabæ á einn stað í nýja hreinsistöð sem byggð verður við Melshorn og þaðan lögð um þriggja km löng frárennslislögn með útrás út í Lagarfljót norðan við flugbraut Egilsstaðaflugvallar. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir verði unnar í þremur áföngum:

Fyrsti áfangi: Lagðar verða samtals um 6 km langar lagnir á Egilsstöðum, byggð hreinsistöð við Melshorn sem gerir ráð fyrir eins þrepa hreinsun og er afkastageta hennar um 200 l/s og verða verklok árið 2023.

Annar áfangi: Lagðar verða um 3 km langar lagnir sem tengja Fellabæ við fyrrnefnda hreinsistöð og verða verklok árið 2027.



Þriðji áfangi: Bætt verður við hreinsistöðina svo hún uppfylli ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp um 2. stigs hreinsun/lífræna hreinsun.

Fram kemur að í hreinsistöð skv. 1. áfanga verði inntakspró sem taki stærri aðskotahluti og tvær þrepasíur með 3 mm möskvastærð á sigti sem grófhreinsi fráveituvatn. Úrgangi frá þrepasíum verði þjappað saman í þurran massa sem verði urðaður. Þá verði beltasía sem geti annað um 100 l/s sem er meira rennsli en 80% tímans og muni hún sía út botnfall og lækka þar með BOD um að minnsta kosti 20%, svifagnir um 50% sem jafngildir eins þrepa hreinsun og jafnframt hreinsa 70-80% af öllu örplasti úr skólpinu. Úrgangur frá beltasíu fer í seyrugrýfjur eða verður nýttur sem jarðvegsbætur. Í þriðja áfanga verður bætt við lífrænni hreinsun sem jafngildi tveggja þrepa hreinsun sem lækkar BOD um 70-90% og svifagnir um 90%.

Fram kemur að samhliða uppbyggingu fráveitukerfisins verði unnið í áföngum að tvöföldun núverandi lagnakerfis ásamt lagfæringum á lekum í kerfinu og geti slíkar framkvæmdir minnkað rennsli í lagnakerfinu umtalsvert og auðveldað stækkun veitukerfisins.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að það þar sem nú sé gert ráð fyrir nýrri staðsetningu á útrás sé það mat eftirlitsins að endurskilgreina þurfi þynningarsvæði og tilgreina nákvæma staðsetningu útrásar, dýpi og lengd hennar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að útrás muni ná um 245 m út í mitt Lagarfljót, þar sem talið sé að dýpi sé um 5 m. Áður en sótt verður um starfsleyfi munu liggja fyrir útreikningar á nýju þynningarsvæði með uppfærðum forsendum. Talið er að mjög ólíklegt sé að saurgerlar og önnur efni berist að bökkum fljótsins í háum styrk sökum mikils og stöðugs lagstreymis í fljótinu sem og vatnshitamunar milli Eyvindarár og Lagarfljóts.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að magn áætlaðra persónueininga í greinargerð sé vanáætlað að mati eftirlitsins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að uppfærður fjöldi persónueininga vegna íbúa (2.859 skv. Hagstofnunnar), hótélgesta (402 pe. m.v. 67% nýtingu skv. Ferðamálastofu) og baðgesta VÖK baths (17 pe.) sé 3.278 pe. Við það bætast 9.200 pe. í frárennsli Mjólkurstöðvarinnar. Fjöldi persónueininga sé hins vegar ekki það sem ráði stærð hreinsistöðvarinnar heldur rennslið að stöðinni, óháð því hvort persónueiningum fjölgi eða fækki.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að betri grein þurfi að gera fyrir því hvernig skólpahreinsistöðin muni anna því magni fráveituvatns sem hreinsa þurfi í þéttbýlinu. Þá vanti upplýsingar um magn seyru.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að 1% tímans muni samanlagt rennsli frá Egilsstaðavík, Mánatröð, Tjarnarbraut og Einbúabla ná 190 l/s. Hönnunarrennsli stöðvarinnar sé 200 l/s. Samanlagt miðgildisrennsli (50% tímans) frá þessum stöðvum verði 52 l/s. Hreinsistöðin muni því geta annað rennslinu. Áætlað magn seyru verður um 490 tonn á ári og er stefnt að nýtingu hennar í landgræðslu þar sem hún verður hreinsuð eins og til stendur í Mývatnssveit.

Umhverfisstofnun bendir á að gert sé ráð fyrir að framkvæmdinni verði áfangaskipt og í þriðja áfanga muni stöðin uppfylla ákvæði reglugerðar um fráveitu og skólp um 2 þrepa hreinsun en ekki sé ljóst hvenær ráðist verður í þann áfanga. Stofnunin telur mikilvægt að gerðar verði tímaáætlanir um hvenær stöðin muni uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Bent sé á að tveggja þrepa hreinsun fyrir Fellabæ og Egilsstaði hafi átt að vera komin fyrir árslok 2005 skv. reglugerð um fráveitur og skólp.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mögulegt verði að uppfylla skilyrði reglugerðar um 70% lækkun á BOD og 90% lækkun á svifögnum með beltasíum (400 míkron) og tromlusíum (40 míkron) og sé gert ráð fyrir að þær verði tilbúnar í stöðinni árið 2024 en það verði ekki bætt við lífrænni hreinsun ef ekki verði þörf á henni. Hreinsistöðin muni því uppfylla ákvæði reglugerðar um



tveggja þrepa hreinsun þegar hún smám saman leysir núverandi hreinsistöðvar af hólmi á árunum 2023-2027.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Lagarfljót sé venjulegur viðtaki skv. reglugerð um fráveitur og skólp og því þörf á tveggja þrepa hreinsun. Óljóst sé hvort stefnt sé að því að fullnægjandi hreinsun verði lokið árið 2024, með viðbót belta- og tromlusía, eða árið 2027 þegar ný hreinsistöð leysi eldri hreinsistöðvar af hólmi og óljóst sé hverju þurfi að ljúka á milli þess að síur verði tilbúna árið 2024 og að hreinsistöðin taki alfarið við af eldri hreinsistöðvum árið 2027.

Stofnunin telur að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar muni ekki koma með nýjar upplýsingar um framkvæmdina, að framkvæmdin sé til þess fallin að minnka álag á viðtaka frá núverandi ástandi og þar með minnka neikvæð umhverfisáhrif frárennslis. Mikilvægt er að hafnar verði framkvæmdir sem allra fyrst svo óhreinsuðu skólpi verði ekki veitt í Eyvindará lengur en nauðsyn krefjist. Framkvæmdin er ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér miðað við núverandi ástand og skal því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisáhrif

Gróður

Fram kemur að hreinsistöðin og svo til öll fráveitulögnin frá henni muni verða á ræktuðu eða þegar röskuðu landi. Lögnin verður lögð í jaðri svæðis á bökkum Eyvindarár sem þarna rennur í manngerðum farvegi en á um 250 m kafla næst Lagarfljóti mun lögnin liggja yfir gróðurlendi sem er flokkað sem gras- og votlendi á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ekkert votlendi verður framræst við fyrirhugaðar framkvæmdir og engir varanlegir slóðar gerðir innan svæðisins. Heildarrask á gróðri verður um 0,1-0,2 ha og áhrifin tímabundin meðan skurðsárið grær upp og áhrifin því metin óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem Eyvindará rennur út í Lagarfljót sé votlendi og fellur það svæði undir sérstaka vernd skv. lögum um náttúruvernd. Ekki sé fjallað um aðra mögulega valkosti vegna lagnaleiðar eða ástæður þess að aðrar lagnaleiðir hafi ekki verið valdar til að forðast röskun á votlendum. Þá sé bent á að samkvæmt lögunum skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Í greinargerðinni komi hvorki fram hvaða aðferðum verði beitt til að rask á bakkagróðri verði haldið í lágmarki né til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að mjög lítill hluti lagna verði innan svæðis á náttúruuminjaskrá og fylgja þær manngerðum farvegi Eyvindarár og að ekki verði um skerðingu á votlendi að ræða. Eini bakkagróðurinn sem raskast er á bökkum þessa manngerða farvegar og er hann að hluta raskaður en leitast verður við að geyma svarðlag og ganga vel frá að framkvæmdum loknum og skilja við svæðið eins og það er núna. Fram kemur að fráveitulögn frá fyrirhugaðri hreinsistöð út í Lagarfljót þurfi annaðhvort að liggja sunnan eða norðan flugbrautarinnar. Framkvæmdaraðili telur að erfiðara sé að leggja lögnina sunnan flugvallarins þar sem hún myndi þvera nokkur tún og allar aðrar lagnir sem liggja meðfram þjóðveginum að flugvellinum (hitaveitulagnir, raflagnir, vatnslagnir, fráveitulagnir og fjarskiptalagnir) sem og aðkomu að flugvelli og sjálfan Hringveginn. Auk þess sé votlendi og kill frá því út í Lagarfljót sunnan við flugstöðvarbyggingar sem þyrfti að þvera.

Framkvæmdaraðili telur jafnframt ekki hentugt að losa fráveitu í Lagarfljót sunnan flugbrautarinnar, rétt norðan við Lagarfljótsbrú þar sem fljótið er grynna á því svæði og ekki víst að jafn góð þynning náist jafn fljótt.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að framkvæmdin, eins og henni er lýst, verði að langmestu leyti á þegar röskuðu eða ræktuðu svæði í og við þéttbýli nema þar sem lagnir liggja á um 250 m



kafla um votlendi norðan flugbrautar á svæði á náttúruminjaskrá. Ef staðið verði að framkvæmd við fráveituna eins og henni er lýst eiga varanlega áhrif af lögninni að verða óveruleg að mati stofnunarinnar. Náttúrufar þess svæðis sem hugsanlega verði fyrir beinum áhrifum er þess eðlis að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem gert sé ráð fyrir.

Vatnalíf

Fram kemur að nokkrar útrásir séu í dag í Eyvindará og fari töluvert af óhreinsuðu skólpi út í ána, þar sem hreinsistöðvar séu á yfirfalli um 65% tímans. Með fyrirhugaðri framkvæmd verður frárennsli flutt í mun öflugri viðtaka, Lagarfljót, og vatnsgæði Eyvindarár munu því batna með jákvæðum áhrifum á vatnalíf árinna.

Meðalrennsli í Eyvindará er 11 m³/s en 280 m³/s í Lagarfljóti. Í Eyvindará finnast bæði urriði og bleikja og undanfarin ár hefur laxaseiðum verið sleppt í Miðhúsaá, hliðará Eyvindarár, í tilraunaskyni. Stangveiði sé stunduð í ánni en ekki séu til upplýsingar um veiðitölur. Í Lagarfljóti finnast urriði, bleikja og lax en aðstæður fyrir fiska þar hafa versnað nokkuð eftir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar vegna aukins gruggs, minni rýni og lægri vatnshita. Magn náttúrulegra næringarefna í fljótinu hefur einnig farið minnkandi en viðbótarnæringarefni sem berast um útrás hreinsistöðvarinnar eru talin hafa óveruleg áhrif á lífríki Lagarfljóts.

Fljótsdalshérað bendir á að vegna eðlis áformaðs viðtaka sé ljóst að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi og lífríki verði hverfandi einkum þegar horft sé til og borið saman við núverandi stöðu fráveitu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands er tekið undir að áhrif losunar fráveituvatns á vatnalíf í Lagarfljóti verði óveruleg og þar sem miðað er að því að hætta allri losun mengandi efna í Eyvindará eru heildaráhrif á vatnalíf metin jákvæð.

Fiskistofa bendir á að vistkerfi Lagarfljóts sé mikið raskað vegna áhrifa frá Kárahnjúkavirkjun og áhrifin af því að veita skólpi í Lagarfljót kunni því að verða smávægileg miðað við það rask sem þegar sé orðið. Tekið er undir það sem fram kemur um að með nýrri skólphreinsistöð mun frárennsli og skólpómál komast í betri farveg og mengun minnka í Eyvindará og Lagarfljóti. Ekki er líklegt að skólphreinsistöð og fráveita muni hafa veruleg áhrif á vatnalíf í Lagarfljóti eða aðstöðu til veiði og muni hugsanlega bæta aðstöðu og möguleika til veiði í Eyvindará.

Meningarminjar

Fram kemur að engir minjastaðir séu skráðir í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði og áhrif á menningarminjar séu því metin engin.

Minjastofnun Íslands bendir á að til sé fornleifaskráning fyrir Egilsstaði frá árinu 1997 en hún uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar séu til fornleifaskráningar í dag t.d. um nákvæmni hnitsetninga. Hún gefi því aðeins óljósa mynd af staðsetningu fornleifa en út frá henni að dæma virðist fornleifum ekki stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum. Minjastofnun telur að áður en endanlega verði tekin ákvörðun um staðsetningu lagna þurfi fornleifafræðingur að kanna fyrirhugað lagnastæði. Komi fornleifar í ljós sé mikilvægt að tillit verði tekið til þeirra og legu lagna hnikað til þannig að þær raski ekki fornleifum. Ef ekki verði komist hjá raski á fornleifum þurf að óska eftir leyfi Minjastofnunar Íslands fyrir slíku raski. Að því gefnu að gengið verði að þeim skilyrðum sem fram komi hér að ofan telji Minjastofnun Íslands að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna lagnaleiðir eins og stofnunin leggi til.



5 VÖKTUN

Fram kemur að eftir byggingu fyrsta áfanga verði gerðar mælingar í Lagarfljóti til að fylgjast með áhrifum frárennslis á fljótið og til að ákvarða stærð þynningarsvæðis.

Fljótsdalshérað bendir á að rekstur hreinsistöðvarinnar sé háður starfsleyfi og sé það mat sveitarfélagsins að í leyfinu verði unnt að setja ákvæði um mótvægisáðgerðir og vöktun eftir því sem þörf krefur.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir vöktunaráætlun um viðtakann Lagarfljót, vöktun við yfirföll og vegna áhrifa á lífríki sem framkvæmdin kunni að hafa í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að það liggja ekki fyrir nægar upplýsingar um ástand viðtaka og áhrif núverandi frárennslis í Eyvindará auk áhrifa sem óbreytt ástand muni hafa á viðtaka næstu sex árin. Því sé þörf á vöktun viðtaka þar til uppbyggingu frárennslisshreinsunar verði lokið svo hægt verði að grípa til aðgerða ef losun fari fram úr viðmiðum reglugerðar um fráveitu og skólp.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vöktunaráætlun verði gerð í samráði við viðkomandi eftirlitsstofnanir og verði hluti af starfsleyfi.

6 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð hreinsistöð er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2011-2023 en gera þarf deiliskipulag fyrir stöðina. Skipulagsstofnun bendir á að jafnframt þarf að fara í skipulagsmeðferð vegna lagnanna sem liggja munu að og frá hreinsistöðinni, til þess að hægt sé að gefa út leyfi fyrir þeim framkvæmdum. Annaðhvort getur deiliskipulagið náð yfir þær framkvæmdir eða hægt er að grenndarkynna leyfisumsóknir. Þá bendir stofnunin á að skoða þarf hvort lega þeirra langna kalli á breytingu á deiliskipulagi Egilsstaðaflugvallar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi sveitarfélagsins samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði. Einnig starfsleyfi heilbrigðisnefndar Austurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum um fráveitur og skólp og um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit.

7 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um að leiða allt skólp á Egilsstöðum og í Fellabæ með lögnum á einn stað við Melshorn og byggja þar hreinsistöð og útrás frá henni út í Lagarfljót norðan við flugbraut Egilsstaðaflugvallar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka laganna. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði unnin í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga verður byggð hreinsistöð sem gerir ráð fyrir eins þrepa hreinsun og lagðar lagnir á Egilsstöðum, m.a. frárennislögn frá hreinsistöð með útrás út í Lagarfljót, í öðrum áfanga verður þéttbýlið í Fellabæ tengt við hreinsistöðina og í þriðji áfanga verður bætt við hreinsistöðina svo hún uppfylli ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp um 2. þrepa hreinsun.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Um er að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir við byggingu nýrrar hreinsistöðvar og lagningu alls um 9 km af lögnum með útrás út í Lagarfljót. Fyrir liggur að við núverandi aðstæður fer allt að 65% af skólpi frá Egilsstöðum óhreinsað út í Eyvindará sem er tær bergvatnsá þar sem núverandi hreinsikerfi annar ekki því rennsli sem kemur frá Egilsstöðum. Með framkvæmdunum er stefnt að hreinsun alls skólps frá þéttbýli á Egilsstöðum og í Fellabæ og mun hreinsunin hafa í för með sér 70% lækun BOD og 90% fækkun svifagna í frárennslinu. Lagarfljót er samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar skilgreint sem venjulegur viðtaki en skv. reglugerð um fráveitur og skólpi er gert ráð fyrir tveggja þrepa hreinsun í slíkan viðtaki. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að um verði að ræða eins þreps hreinsun og verður föstum úrgangi sem fellur til við skólphreinsunina fargað eða hann nýttur, eftir því sem við á. Seinni áfangi gerir ráð fyrir að byggt verði við hreinsistöðina og að komið verði á tveggja þrepa hreinsun. Ljóst er að um er að ræða framkvæmdir sem koma til með að bæta núverandi ástand í frárennslismálum og að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Endurnýjun skólplagna verður að mestu innan þéttbýlis og á röskuðu landi og framkvæmdasvæði vegna hreinsistöðvar og frárennslislagna að og frá stöðinni verður ekki umfangsmikið og stærstur hluti þess á röskuðu og ræktuðu landi. Frárennslislögnin frá hreinsistöðinni mun á kafla fara um jaðar votlendissvæðis sem er á náttúruminjasrá en fer þar meðfram farvegi Eyvindarár og er því á svæði sem var raskað við færslu á farvegi árinna við lengingu flugbrautarinnar. Lögnin mun síðan liggja um 250 m út í Lagarfljót og opnast þar á um 5 m dýpi.

Minjastofnun bendir á að austan við flugbrautina eru skráðar fornleifar og mun frárennslislögn fara um það svæði. Að mati stofnunarinnar þarf fornleifafræðingur að kanna allt lagnastæði áður en endanlega lega lagnanna verður ákveðin til þess að tryggja að fornleifum verði ekki raskað og tekur Skipulagsstofnun undir nauðsyn þess.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ felast í jákvæðum áhrifum á vistkerfi Eyvindarár og nágrenni árinna sem útivistarsvæðis í þéttbýli. Að byggingu skólphreinsistöðvar lokinni mun ekkert frárennsli fara í ána.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir tveggja þrepa hreinsun í venjulegan viðtaki skv. reglugerð um fráveitur og skólpi, en Lagarfljót flokkast sem venjulegur viðtaki. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að um verði að ræða eins þreps hreinsun en seinni áfangi gerir síðan ráð fyrir að byggt verði við hreinsistöðina og að komið verði á tveggja þrepa hreinsun. Meðalrennsli frárennslisvatns frá hreinsistöðinni verður um 0,02 % af meðalrennsli fljótsins og þynning því veruleg. Í ljósi framlagðra gagna telur Skipulagsstofnun að gera megir ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á vistkerfi Lagarfljóts, svo sem vegna auðgunar næringarefna, verði hverfandi og því jákvæð frá því sem nú er. Stofnunin tekur hins vegar undir umsögn Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að vöktun fari fram á viðtaki svo hægt verði að grípa til aðgerða ef losun fer fram úr viðmiðum reglugerðar um



fráveitur og skólp. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að slík vöktunaráætlun verði gerð í samráði við viðkomandi eftirlitsstofnanir og verði hluti af starfsleyfi.

Fyrir liggur að fjarlægð fyrirhugaðrar hreinsistöðvar frá næsta íbúðarhúsi, 160 m, verður um tvöfalt meiri en frá núverandi hreinsistöðvum og til að lágmarka lykt í nágrenninu mun loft frá henni fara í gegnum sérstakan hreinsibúnað og verður lítil hætta á lyktarmengun miðað við núverandi aðstæður.

Á framkvæmdatíma mun tímabundið rask verða í þéttbýli vegna endurnýjunar lagna og á opnum svæðum vegna lagningu nýrra safnæða og fráveitulagnar frá hreinsistöð sem fara að mestu um raskað eða ræktað land. Ljóst er að nokkur neikvæð áhrif verða á votlendissvæði sem er á náttúruminjaskrá sem og fugla vegna rasks á meðan á framkvæmdum við frárennislögn stendur en Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands að ekki verði um að ræða varanleg áhrif af þeim framkvæmdum ef staðið verður að framkvæmd við fráveituna eins og lýst er í greinargerð.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. mars 2019.

Reykjavík, 7. febrúar 2019

Jakob Gunnarsson



Fellabær, 22. desember 2014

Heilbrigðiseftirlit Austurlands
Helga Hreinsdóttir
Tjarnabraut 39b
700 Egilsstaðir

Breyting á starfsleyfi neysluvatns heitavatnsins við Urriðavatn

Hitaveita Egilsstaða og Fella (HEF) er með tvö erindi til umsagnar Heilbrigðiseftirliti Austurlands í bréfi þessu. Fyrri erindið varðar breytingu á starfsleyfi hitaveituvatns við Urriðavatn og annað erindið varðar afnám vatnsverndarsvæðis á Egilsstaðanesi. Erindum þessum fylgja greinargerðir ritaðar af Þórólfi Hafstað vatnajarðfræðing hjá ÍSOR (Íslenskum orkurannsóknum).

HEF óskar eftir því að starfsleyfi fyrir vatnsveitu frá 25. júní 2013 verði endurskoðað m.t.t. meðfylgjandi greinargerðar.

Brunnsvæði var: 10 metra umhverfis holutoppa í og við Urriðavatn

Brunnsvæði verður: 5 metra umhverfis holutoppa

Grannsvæði var: Takmarkast við efstu flóðamörk Urriðavatnsins

Grannsvæði verður: Takmarkist við manngerða uppfyllingu við virkjunarsvæðið


Fjarsvæði var: Inn allan Fljótsdal og inn á Vatnajökul

Fjarsvæðið verður: Allt vatnasvið Lagarfljóts ofan við ós lækjarins úr Urriðavatni

Meðfylgjandi skýrsla skýrir þessar tillögur um breytingar á vatnsvernd.

Varðar afnám vatnsverndarsvæðis á Egilsstaðanesi

Starfsleyfi sem gefið var út 29. september 2008 er varðar vatnstöku á Egilsstaðanesi. Rétt þótti í byrjun vatnstökunnar á Köldukvíslarsvæðinu á Eyvindarárdal, fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum og í Fellabæ í upphafi árs 2010 að enn væri vatnstökusvæðin á Egilsstaðanesi til taks þar sem reynslu vantaði fyrir langtíma vinnslu úr borholum veitunnar við Köldukvísl. Í meðfylgjandi greinargerð frá






sérfæðingi ÍSOR kemur meðal annars fram að horft er til vatnsöflunnar á Puríðarstaðareyrum í framtíðinni og eins sem varavatsnból núverandi virkjunnar við Köldukvísl.

Það er því beiðni HEF að starfsleyfið frá 29. september 2008 verði fellt úr gildi og í framhaldi verði aflétt vatnsverndarsvæðinu á Egilsstaðanesi.

Virðingafyllst,


Guðmundur Davíðsson
Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.





13. febrúar 2015

Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1, Fellabæ
700 Egilsstaðir

Varðar afnám vatnsverndarsvæðis á Egilsstaðanesi og niðurfellingu starfsleyfis vatnsveitu Egilsstaða frá september 2008

Vísað er í erindi frá Hitaveitu Egilsstaða og Fella dags. 22.12.2014 varðandi ósk um afnám vatnsverndarsvæðis á Egilsstaðanesi og niðurfellingu starfsleyfis fyrir vatnsveitu Egilsstaða frá september 2008.

Erindið var tekið fyrir á 121. fundi Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis þann 12.2.2015.

Eftirfarandi var bókað:

Heilbrigðisnefnd fellst á að fella niður starfleyfi fyrir vatnsveitu Egilsstaða og aflétta vatnsvernd á Egilsstaðanesi með skilyrðum um að farið sé að tilmælum ÍSOR um snyrtimennsku við Köldukvísl og að vatnsvernd á eyrum Þuríðarstaða fái forgang. Ennfremur er gerð krafa um að vatnsverndarsvæði við Köldukvísl verði merkt með skiltum við þjóðveginn þar sem ekið er um verndarsvæði Köldukvísarveitunnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst. f.h.
Heilbrigðiseftirlits Austurlands

